

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík



Dags eftirlits	13.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöðin Höfði	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Sævarhöfði 6 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5810962919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	362038,627 405923,675

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt eldra frávik er enn opið. Þar sem úrbótaáætlun vegna lágs útblásturshraða malbikunarstöðvanna hefur ekki gengið eftir þá verður óskað eftir nýrri áætlun.

Tvö ný frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Útblásturshraði Benninghovenstöðvarinnar mældist 13.3 m/s. Niðurgrafin olíulögn á milli niðurgrafins olíugeymis og ViaNovastöðvarinnar hefur ekki verið þrýstiprófuð á síðustu fimm árum (sjá kröfu í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi).

Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga í frárennsli og í útblástri ViaNova stöðvarinnar á yfirstandandi ári.

Rekstraraðila er bent á að á tryggingaskírteini vegna bráðamengunar skal staðsetning hins tryggða atvinnureksturs koma fram.

Rekstraraðila er bent á að uppfæra skrá yfir olíugeyma í notkun í Sævarhöfðanum og senda Umhverfisstofnun afrit.

Rekstraraðila er bent á að staðsetja olíu og efnavöru fjarri niðurföllum og nota lekabyttur og/eða lekavarnarþrær til þess að draga úr líkum á mengunaróhöppum.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Malbikunarstöðina Höfða hf.

Elín Ásgeirsdóttir var fulltrúi rekstraraðila og Gottskálf Friðgeirsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar. Ívar Örn Árnason mætti fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun þann 27. mars 2019 og með gildistíma til 31. desember 2022.

Starfsleyfið heimilar starfsemi tveggja malbikunarstöðva (Benninghoven og ViaNova) og einnar grjótmulningsstöðvar á lóðinni. Fram kom að á haustmánuðum er fyrirhugað að færa Benninghovenstöðina á lóð sem fyrirtækið hefur keypt að Álhelli 18 í Hafnarfirði. Fyrirtækið sótti um handhafabreytingu á starfsleyfi Munck Íslandi ehf. sem var áður með starfsemi að Álhelli 18 í Hafnarfirði. ViaNovastöðin og grjótmulningsstöðinni verða aflagðar.

Dagskrá:

1. Farið yfir kröfur í starfsleyfi
2. Staða frávíka og ábendinga
3. Gagnaskil 2020 til Umhverfisstofnunar og losunarmörk
4. Olíugeymar / bikgeymar í notkun, kröfur til olíugeyma
5. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
6. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
7. Skoðun verksmiðjunnar og lóð

1. Rekstraraðili skal hafa þrjár skriflegar áætlanir sem snúa að umhverfismálum. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun og áætlun um rekstur hreinsibúnaðar. Þær liggja allar fyrir og eru notaðar og rýndar eftir kröfu vottunaraðila umhverfisstjórnunarkerfis fyrirtækisins. Áætlanir eru dagsettar í nóvember 2020.

Mælingar; hljóðmæling var gerð í maí 2019 eftir að nýtt starfsleyfi fyrir stöðina var gefið út. Jafngildishljóðstig reyndist alls staðar undir 70 dB en þó hæst á lóðamörkum við Steypustöðina Malarhöfða 10 þar sem jafngildishljóðstig var 68,8 dB.

Mælingar á mengunarefnum í útblæstri og fráveitu skal gera árlega eða oftast ef grunur leikur á að losunarmörk séu ekki haldin. Niðurstöður mælinganna skal senda Umhverfisstofnun innan mánuðar frá því þær eru gerðar.

Frárennismæling fyrir árið 2021 og útblástursmæling úr skorsteini ViaNovastöðvarinnar fyrir árið 2021 hafa enn ekki borist. Hér er bent á þessa kröfu í starfsleyfinu. Niðurstöður mælinga skal senda eftirlitsaðila. Í mælingum sem gerðar voru á útblæstri Benninghovenstöðvarinnar í ágúst 2021 voru ryk, kolmónoxíð og köfnunarefni (NOx) öll innan innan losunarmarka en lofthraði í skorsteini mældist 13,3 m/s sem er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Opið frávik frá 2018 (nr. 2018-1173) snýr að of lágum útblásturshraða. Úrbótaáætlun rekstraraðila frá 10. desember 2020 gerði ráð fyrir að unnið yrði loftdreifillikan fyrir stöðina sem sýndi fram á að minni lofthraði í skorsteini (14 m/s) gerði sama gagn og 20 m/s. Loftdreifillikan átti að liggja fyrir í júlí 2021. Þar sem tímasett áætlun hefur ekki gengið eftir verður óskað

eftir nýrri tímasettri úrbótaáætlun vegna þessa.

Farið var yfir tilkynningar sem kveðið er á í starfsleyfi og tryggingar vegna bráðamengunar. Umhverfismarkmið sem skulu vera mælanleg, kröfur um skráningar og meðferð úrgangs.

Þar sem starfsleyfi er gefið út á fyrirtæki og gildir fyrir ákveðna staðsetningu þá er farið fram á að á tryggingarskírteini vegna bráðamengunar komi fram staðsetning hins tryggða atvinnureksturs. Ef um er að ræða fleiri starfsstöðvar, þá séu allar staðsetningar tryggðs atvinnureksturs skráðar.

2. Fjögur frávik hafa verið skráð á síðast liðnum árum. Öllum nema fráviki sem snýr að útblásturshraða hefur verið lokað. Eins og kemur fram að ofan er óskað eftir nýrri tímasettri úrbótaáætlun þar sem fyrri úrbótaáætlun gekk ekki eftir.

Ábendingu frá eftirliti í fyrra hefur ekki verið sinnt. Niðurgrafin olúfögn við ViaNovastöðina hefur ekki verið þrýstiprófuð og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi og reglugerð nr. 884/20117 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi.

3. Auk mælinganiðurstaðna skal rekstraraðili skila grænu bókhaldi árlega fyrir 1. maí ár hvert. Eins skal senda Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins afrit af viðbragðsáætlun rekstraraðila þegar hún er endurskoðuð.

4. Rekstraraðili hefur skilað inn skráningarblaði vegna olúgeyma í Sævarhöfða 6 – 10. Sjö olúgeymar eru á skrá vegna stöðvarinnar, fjórir bikgeymar og þrjár dísilolúgeymar. Ef það breytist skal rekstraraðili uppfæra skráningarblaðið og sendi afrit á Umhverfisstofnun.

Heilbrigðiseftirlit svæðisins fær afrit af gögnumum.

5. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits vegna ársins 2021. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir malbikunarstöðvar voru kynntar. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður sent rekstraraðila áður en til næsta eftirlits kemur.

6. Þar sem til stendur að hætta rekstri á lóðinni við Sævarhöfða 6 – 10 þá var rætt um frágang og skil á lóðinni til Reykjavíkurborgar. Malbikunarstöðin er í iðnaðarhverfi en til stendur að breyta skipulagi og fyrirhugaðar eru verslunar- og íbúðarlóðir á svæðinu. Þar sem mengandi starfsemi hefur verið á lóðinni í tugi ára er mat á lóðinni og úttekt á mengun í jarðvegi nauðsynleg svo hægt sé að endurskilgreina skipulag svæðisins.

7. Farið var í skoðun á lóð og umgengni og aðgengi skoðað. Nokkuð er um úrgang sem safnast hefur upp, bæði timbur, gúmmí og málma. Efnavara (hættuleg efni), íblöndunarefni, viðlöðunarefni og spilliefni stóðu utandyra á ónotuðu þvottaplani með niðurfalli í lægsta punkti. Ekki verður skráð á þetta frávik að svo stöddu en rekstraraðili skal varna skal því að efnavara geti lekið í niðurföll með lekabyttum, mengunarvarnarþróm eða með því að staðsetja efnavöru fjarri niðurföllum. Engar lekabyttur voru sjáanlegar. Tiltekt á lóð er nauðsynleg og förgun úrgangs og efna sem ónothæf eru í framleiðsluna. Ónotaða birgðageyma fyrir bik þarf að rífa, og ónothæf efnavara (Kraton polymer og ClipperShip EM-50 tack coat) þarf að senda í förgun.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í gr. 3.5 í starfsleyfi.

Útblásturshraði Benninghovenstöðvarinnar 2021 mældist 13,3 m/s.

Útblásturshraði úr skorsteini skal vera a.m.k. 20 m/s (+/- 10%).

Umhverfisstofnun getur fallist á breytingar á þessu, sé sú krafa studd með loftdreifillíkani sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Líkanið skal gert af þriðja aðila sem hefur til þess faglegar forsendur.

ákvæði í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi

Niðurgrafin olúfögn hefur ekki verið þrýstiprófuð á síðustu fimm árum eins og krafa er um í starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga í frárennsli og í útblástri ViaNova stöðvarinnar á yfirstandandi ári.

Rekstraraðila er bent á að á tryggingaskírteini vegna bráðamengunar skal staðsetning hins tryggða atvinnurekstrurs koma fram.

Rekstraraðila er bent á að uppfæra skrá yfir olúgeyma í notkun í Sævarhöfðanum og senda Umhverfisstofnun afrit.

Rekstraraðila er bent á að staðsetja olíu og efnavöru fjarri niðurföllum og nota lekabyttur og/eða lekavarnarþrær til þess að draga úr líkum á mengunaróhöppum.


ANNAD

Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkursvæðis, Ívar Örn Árnason, var viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík, 15.10.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Gottskálk Friðgeirsson